

Sæl öll

Ég vil byrja á að þakka öllum sem hafa verið handleiðarar fyrir kandiðata á síðastliðunu kandiðatsári. Starf ykkar er ómetanlegur og nauðsynlegur þáttur í starfsnámi kandiðata. Ég vil þakka öllum sem hafa mætt á handleiðarafundi og met ég mikils áhuga ykkar og ábendingar til að bæta kandiðatsárið.

Nokkrar nýjungar verða á kandiðatsárinu 2019-2020

- Viljum að kandiðat hitti sinn handleiðara að lágmarki þrisvar sinnum á kandiðatsárinu
- Breytum áherslum í MiniCEX matsblöðunum og leggjum til að allir kandiðatar geri eitt slíkt matsblað um yfirferð á lyfjalista sjúklings
- Heilsugæslan ætlar að hafa öll sín matsblöð í ePortfolioinu og því getur handleiðari nú séð hvað handleiðara og kandiðat fór á milli þar og í hvaða starfsþáttum kandiðatinn þarf að vinna betur í .

Kandiðatar hafa allir fengið úthlutað handleiðara fyrir sjúkrahúsmánuði kandiðatsársins og listann er að finna á heimasíðu kandiðata LSH undir flípanum „Kandiðatinn í starfi“. Kandiðat fær annan handleiðara á heilsugæslunni sem hann starfar við á kandiðatsárinu.

Kandiðatar og handleiðarar hafa fengið notendanafn og lykilorð fyrir ePortfolio (<https://www.nhseportfolios.org/Anon/Login/Login.aspx>) , sjá nánar í gátlista fyrir upphaf kandiðatsárs á kandiðatasíðunni. Kandiðatar eiga að hafa frumkvæði að fundum með handleiðurum og lagt er til að þið hittist:

1. Í lok fyrsta mánaðar á sjúkrahúshluta kandiðatsársins
 - Þá hafi kandiðat gert einhver matsblöð s.s. DOPS, MiniCEX og a.m.k. eina íhugun (reflective practice)
 - Skrá á fundinn undir eyðublaðinu: Combined Induction Meeting with Clinical Supervisor & Initial meeting with Educational Supervisor
2. Um miðbik námsdvalar kandiðats á sjúkrahúshluta kandiðatsárs
 - Þá sé farið yfir matsblöðin
 - Gjarnan að kandiðat hafi lokið að safna matsblöðum fyrir þverfaglegt mat (TAB) og gera má TAB summary report í ePortfolio.
 - Fundur sé skráður í ePortfolio undir: Mid placement reveiw
3. á næst síðasta mánuði sjúkrahúshluta kandiðatsársins
 - Þá á kandiðat að hafa lokið öllum matsblöðum og búinn að tengja (linka) þessi atriði við marklýsinguna
 - Þverfaglegu mati á þá að vera lokið og handleiðari hefur sent samantektina til kandiðats í ePortfolio (summary TAB released to trainee)
 - Skrá á fundinn undir eyðublaðinu: Educational Supervisor's End of Year Report

Ef þörf er á hittast handleiðari og kandídat oftari og er kjörið að skrá þá fundi undir Mid-placement review

Mjög mikilvægt að matsblöð liggja fyrir einum mánuði fyrir lok kandídatsárs svo að bregðast megi við ef þörf er á og ekki komi til lengingar á kandídatsári vegna tímaskorts til að ljúka úrvinnslu gagna.

Á heilsugæslunni hittast handleiðari og kandídat reglulega. Gert er ráð fyrir að matsblöð og fundir sé skráð inn í ePortfolio.

Ég vil minna á gátlista varðandi skilyrði fyrir lokum kandídatsárs, sem er að finna á kandídatasíðunni. Það er mjög mikilvægt að fara vel yfir hann og passa upp á að allt skili sér jafnt og þétt yfir árið og öll verði lokið í góðum tíma fyrir lok ársins.

Kærar kveðjur

Inga Sif og Sigrún